

Langtímaaukaverkanir

Mikið er talað og skrifað um langtímaaukaverkanir litíums. Mikilvægt er að nálgast umræðuefnið af stillingu, taka það alvarlega en ekki hræðast það um of.

Litíum getur valdið nýrnaskaða, of- eða vanstarfsemi (oftast van) skjaldkirtils, ofstarfsemi kalkkirtils og hækkun á blóðsykri.

Oftast er um að ræða skaða sem er afturkræfur, gengur til baka ef litíumskammturinn er lækkaður eða hætt er á lyfinu. Lykillinn að því að farnast vel er þétt og reglulegt eftirlit með blóðprufum.

Ef upp koma aukaverkanir af þessu tagi fer fram samtal læknis og sjúklings um hvað gera skuli. Stundum getur reynst betur að meðhöndla hreinlega vandamálið, t.d. vanstarfsemi í skjaldkirtli, og halda áfram með litíum. Í öðrum tilfellum getur verið betra að lækka skammt litíums eða hætta með lyfið.

Stöðugleiki

Mikilvægt er að halda styrk (hlutfalli) litíums í blóði stöðugu og réttu. Fyrir utan að taka réttan skammt af lyfinu eru nokkrir aðrir hlutir sem gæta ber að.

Ef fólk þornar mikið, t.d. í ælu- eða niðurgangspest, þarf að hætta tímabundið á litíumi. Þetta eru oftast nokkrir örfáir dagar, en þetta er mikilvægt til að forðast of-skömmtn.

Lyf sem valda meiri vatnsútlosun, t.d. furix og blóð-þrýstingslyf sem innihalda efni eins og hydroklortíazíð, ber að nota með varúð. Ef þarf að byrja að taka slík lyf er rétt að fá ráð læknis um skammtaæftirlit og mögulega skammtaaðlögun á litíumi. Stundum þarf að lækka litíumskammtinn fyrirfram. Sama gildir um blóðþrýstingslyf sem þrengja æðarnar sem liggja að nýrunum, t.d. ACE hemjara og ARB (t.d. ealapril og losartan). **Bólgueyðandi lyf eru algjörlega bönnuð með lit.um!**

Bólgueyðandi bannað!

Engin bólgueyðandi lyf skulu tekin með litíumi. Þetta gildir bæði hefðbundin bólgueyðandi lyf (COX-1 hemjara) eins og Ibufen, Naproxen og Diklofenak - OG nýrri gerðir (COX-2 hemjara) eins og Coxerit, Arcoxia o.s.frv.

Þessi lyf hafa veruleg og oft illfyrisjáanleg áhrif á útskilnað litíums og veldur þannig uppsöfnun á litíumi í blóði með mikilli hættu á litíumeitrun.

Hafðu samband

588 2950
radgjof@gedlaeknir.is
www.gedlaeknir.is



Per mentis slf.
Bæjarhraun 2
220 Hafnarfjörður



Per mentis
geðlækningar

Litíum (Litarex)

Tilgangur þessa bæklinga er að miðla upplýsingum og svara spurningum um lyfið lithium (Litarex). Um er að ræða mikið notað lyf við geðhvarfasýki og þunglyndi. Lyfið þolist almennt vel, en mikilvægt er að umgangast það rétt.

Bæklingur þessi er skrifaður af Kristófer Sigurðssyni geðlækni og ætlaður til nota sem viðbót við greiningu, ráðgjöf og meðferð heilbrigðisstarfsfólks. Hann er ekki tæmandi, heldur stiklar hann á stóru og svarar, að okkar dómi, algengustu spurningunum um lyfið.

Um lyfið

Litíum er frumefni, málmur, sem finnst víða í náttúrunni. Á vissum stöðum í heiminum vill svo til að mikið er af litíumi í berglögum við vatnsból þar sem fólk sækir neysluvatn. Sýnt hefur verið fram á að tíðni sjálfsvíga er marktækt lægri á þessum svæðum. Þetta hefur verið rannsakað bæði í Evrópu og Ameríku.

Litíum er nokkuð sérstakt fyrir það, að lyfið er ekki skammtað eftir því hversu mikið er tekið af því, heldur eftir styrk lyfsins í blóði. Oftast er gefinn lítill skammtur í byrjun, síðan er styrkur mældur í blóði og skammt síðan breytt til að ná þeirri þéttni í blóði sem óskað er.

Afar mikilvægt er að halda réttri þéttni á litíumi í blóði. Ef fólk er á háum skammti af lyfinu þarf ekki nema að tvöfalda þann skammt til að ná upp í þéttni þar sem eitrunar-áhrif byrja að koma.

Áhrif og ofskömmtn

Litíum byrjar að virka á fyrstu dögunum þegar það er notað við örlyndi (maníu). Fyrir suma virkar það hratt (á nokkrum vikum) á þunglyndi, en oftast tekur mun meiri tíma að fá þau áhrif.

Við eitrun kemur fyrst sljóleiki, svimi, drafandi tal, skjálfti, stífleiki og ógleði. Þegar eitrunin fer lengra kemur óáttun, óróleiki, ruglástand, flog. Svæsnar eitranir geta verið lífshættulegar.

Töflurnar eru stórar og það er málbragð af þeim. Þetta reynist sumum erfitt, en venst ótrúlega fljótt.

Margir hika lengi við að byrja á litíumi. Eftir að þeir loksins byrja á því sjá þeir gjarnan eftir því að hafa ekki byrjað á því mun fyrr.

Lyfið þolist oftast mjög vel og áhrifin, sérstaklega á maníur og óstöðugleika, eru verulega góð.

Blóðprufur

Taka þarf blóðprufur áður en meðferð er hafin með litíumi. Þegar verið er að stilla af skammta þarf blóðprufur. Eftir það þarf blóðprufur nokkrum sinnum á ári.

Tilgangurinn með rannsóknunum er að athuga styrk litíums í blóði og ástand líffæra sem orðið geta fyrir neikvæðum áhrifum af litíumi, þ.e. nýrum, skjaldkirtli, kalkkirtli og sykurbúskap.

Þeir skjólstæðinga okkar sem taka litíum fá áminningu á þriggja mánaða fresti um að fara í blóðprufur.

Afar mikilvægt er að þeir sem taka litíum á morgnanna bíði með það daginn sem það fer í blóðprufu, taki það eftir að búið er að taka prufuna. Það þarf ekki að vera fastandi fyrir prufuna, en það þarf að taka hana fyrir kl 10 að morgni.

Litíum og barneignir

Lengi hefur verið talið að litíum auki líkur á vissum hjartagöllum, ef móðirin tekur það á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Nýrri rannsóknir benda hins vegar til að það sé alls ekki víst að tíðni þessara hjartagalla sé hærrí hjá börnum mæðra sem taka litíum. Ef hún er hærrí er munurinn að minnsta kosti mjög lítill. Neikvæð áhrif virkra geðsjúkdóma hjá móður á barn í móðurkviði eru hins vegar afar vel þekkt og viðurkennd. Mikilvægt er að taka samtal um kosti og galla litíums á meðgöngu við meðhöndlandi lækni. Konur ættu í flestum tilvikum ekki að taka litíum á meðan á brjóstagjöf stendur.

Molar

Litíum getur valdið handskjálfta. Auðvelt er að meðhöndla það.

Litíum veldur gjarnan niðurgangi fyrstu dagana.

Litíum er oftast tekið að morgni og kvöldi, en stundum aðeins einu sinni á dag.

Aldrei má taka bólgueyðandi lyf með litíumi.

Litíumstyrkur í blóði og miðtaugakerfi nær jafnvægi á 5-7 dögum eftir skammtabreytingu..

Litíum er jafnan fyrsta val sem lyf við geðhvarfasýki af gerð I.